

Mánudaginn 5. desember 2022 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 18/2022.

HRFÍ

gegn

X og XX

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 17. október 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að X hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 14.02.2022 kom í ljós að Miniature Poodle rakkinn A var ekki með gilda augnskoðun né hnéskeljavottorð fyrir pörun. Einnig var tíkin B, ekki með gilda augnskoðun fyrir pörun, hnéskeljavottorð né DNA niðurstöður fyrir prcd-PRA.

Eigendur tíkarinnar eru X og XX

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram POODLE, MEDIUM/MINIATURE/TOY undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljaskoðun. DNA prófa skal undaneldishunda vegna prcd-PRA. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. október 2022 og þeim gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað tíkina x án þess að gilda augnskoðun, hnéskeljavottorð né niðurstöður fyrir prcd-PRA lægju fyrir.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærðu teljast hafa gerst brotlegar við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærðu hljóta áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir
Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja K. Magnúsdóttir
Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen
Selma Olsen